



Alþingi
Erindi nr. P 143/1792
komudagur 6.5.2014

Tálknafjörður

Miðluni 1, 460 Tálknafjörður, kl. 640269-6779. Sími 456-2539. Bréf sími 456-2589

Nefndarsvið
Alþingis

Tálknafjörður, 6. maí 2014
1405015 II

Efn: Umsögn um ljógra ára samgönguáætlun 2013 – 2016, mál nr. 495.
Á 466. fundi sveitarstjórnar Tálknafjarðarhrepps, sem haldinn var þann 6. maí 2014. Var eftirfarandi bókað sem umsögn Tálknafjarðarhrepps vegna ofangreinds máls:

Sveitarstjórn Tálknafjarðarhrepps, harmar þær tafir sem orðið hafa á framkvæmdum við Vestfjardarveg 60 í Gufudalssveit. Það er skýlaus krafu að unnið verði að lausn á málinu og framkvæmdum hraðuð eins og kostur er. Mikil atvinnuuppbrygging er á sunnanverdum Vestfjörðum og eru núverandi samgöngur farnar að standa í vegi fyrir þelri uppbryggingu. Samgöngur innan fjördungs, milli norður- og suðursvæðis auka ó einagrun byggðarloga á Vestfjörðum og gerir þau óll veikari og viðkvæmari fyrir breytingum sem geta orðið í atvinnulífi. Það er því glediefnir að sjá að Dýrafjordargöng séu komin á áætlun. Einnig vill sveitarstjórn taka fram að viðhaldspörsl á vegum, hvort sem það eru malarvegir eða vegir með bundnu slíttagi, er orðin mikil og því er rik þörf að bæta verulegum fjármunum í viðhald á vegakerfinu á sunnanverdum Vestfjörðum. Miklar væntingar eru bundnar við uppbryggingu á fiskeldi á svæðinu og eru tryggar samgöngur gríðarlega mikilvægar fyrir þau fyrirtæki, sein þurfa að flytja hæði aðföng inn á svæðid og svo vörur á markaði. Um mikilvægi Breiddarfjardarferjunar Baldurs þarf ekki að deila og ferjun í roun lifð að svæðisins eins og staðan er núna. Nýtt hótel er risið á svæðinu, og er von til að gisirýmum fjölgji enn frekar. Uppbygging hverskonar afþreyingar fyrir ferðamenn, s.s sjóspor o.fl. hefur jafnframt aukist. Því eru flugsamgöngur að verða mikilvægarí en áður, eins og fjölgun farþega á Bildudalsflugvelli hefur sýnt, því verdur að setja lengingu á flugbrautinni á Bildudalsflugvelli á samgönguáætlum. Með því að auka enn frekar fjármagn til samgöngumála á sunnanverdum Vestfjörðum þá eru góðir möguleikar að byggðir á Vestfjörðum geti snúið vörn í sókn. Samþykkt samhljóða.

Texti
Samrit:

Virðingarsfyllest,

Indriði Ingólfason
Sveitarstjóri
Tálknafjarðarhrepps